

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Sveitarfélaginu Hornafirði.

1. gr.

Eigendur katta í Sveitarfélaginu Hornafirði skulu greiða gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd samþykktar nr. 912/2015 um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald er kr. 6.600.

Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðis skoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Handsömunargjald katta skal vera skv. 11. gr. samþykktar nr. 912/2015. Við afhendingu handsamaðs kattar skal greiða kr. 8.800. Þurfi að vista kött yfir nótt skal greiða vörslugjald að fjárhæð kr. 7.150 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhring.

Ef til aflífunar kattar kemur, greiðir skráður eigandi dýrs allan útlagðan aflífunarkostnað.

4. gr.

Gjalddagi skv. 3. gr. er 31. janúar og eindagi er 28. febrúar ár hvert, og greiðslan gildir fyrir það almanaksár sem hún er innt af hendi. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd fyrir eindaga. Innheimta gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigandi kattar getur sótt um 50% afslátt af árlegu kattaleyfisgjaldi gegn staðfestingu þess að kötturinn hafi farið í ófrjósemisaðgerð. Afslátturinn gildir meðan skráning kattarins er í gildi í sveitarfélaginu.

Við afskráningu á ketti skal endurgreiða árlegt leyfisgjald í hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru á árinu. Ef til aflífunar kattar kemur, greiðir skráður eigandi dýrs allan áfallinn kostnað.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísun til heimilda í samþykkt um kattahald og gæludýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur eldri gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 11. desember 2025.

Sigurjón Andr sson b jarstj ri.